

Stjórnarfundur 16. ágúst 2021 í Golfskálanum

Fundarmenn: Anna María, Helga Ingibjörg, Valtýr, Garðar, sem ritar fundargerð. Forföll, Hinrik og Jófríður.

Fundur settur: Formaður bauð fundarmenn velkomna.

Fundargerð síðasta fundar: Ekki lá fyrir fundargerð.

Íslandsmót golfklúbba 2. deild, Bárarvelli: Mótið gekk mjög vel og allir keppendur ánægðir með umgjörð og framkvæmd.

Staða fjármála: Staðan er mjög góð og allt útlit fyrir jákvæða niðurstöðu eftir sumarið.

Starfsmenn: Sumarstarfsmenn hafa lokið störfum. Stelpur í skála verða eitthvað áfram fram í sept. Valtýr verður einnig fram í sept. Framundan er að gera svo vélar klárar fyrir veturinn.

Verkefni framundan: Klæða þarf skála fyrir veturinn. Einnig þarf að grjóthreinsa á 2. braut. Einnig þarf að vinna í vökvunarkerfi.

GSÍ þing: GSÍ þing verður haldið dagana 19. til 20. nóv. GVG á 2 fulltrúa á þinginu.

Næsti fundur áætlaður 6. sept.2021